



Jarðstrengur, Fitjar - Helguvík

Verkið - **Jarðstrengur, Fitjar - Helguvík** - felst í að lagður verður um 8,5 kílómetra langur 132 kV jarðstrengur frá tengivirki Landsnets við Fitjar í Reykjanesbæ að nýju tengivirki Landsnets í Helguvík. Helstu verkhlutar eru vinna við að leggja vinnuvegi og plön meðfram skurðstæði, leggja jarðstreng í skurð, fylla að jarðstrengjum og ídráttarrörum með sérstökum sandi ásamt því að fylla í skurði og jafna og að lokum ganga frá yfirborði og fjarlægja vinnuvegi.

Helstu magntölur:

- Slóðagerð: 8.800 metrar
- Gröftur í skurðstæði: 8.550 metrar
- Losun klappa í skurðstæði: 5.900 metrar
- Útlögn 132 kV strengs: 8.280 metrar

Verkkaupi:

- Landsnet

Tímabil:

- Mars 2015 - október 2015

Hönnuðir:

- Efla

Hlutverk ÍSTAKS:

- Aðalverktaki